

Nd.

16. Frumvarp til laga

[16. mál]

um breytingu á lögum nr. 49 1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín S. Kvaran,
Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Hefji reikningseigandi byggingu íbúðarhúsnæðis eða kaupi íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talinn eignarhluti í íbúð með þeim kvöðum sem greindar eru í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þá skal innistæðan laus. Úttektarfjárhæð má ekki fara fram úr verði því sem greitt er fyrir íbúð eða eignarhluta í íbúð. Innistæðan skal laus frá þeim tíma sem reikningseigandi staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að byggingin sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a.m.k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um húsnæðissparnaðarreikninga, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi í júní s. l., kemur fram að meginreglur frumvarpsins séu þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapi rétt til skattafsláttar. Fram kemur einnig í athugasemdum með frumvarpinu að nauðsynlegt sé að hvetja til sparnaðar áður en hafist er handa um öflun íbúðarhúsnæðis eða meiri háttar endurbætur, auk þess sem almenn þjóðhagsleg rök hníga að auknum sparnaði innanlands.

Ljóst er að það gengur þvert á ofangreind markmið laganna ef túlkun og framkvæmd þeirra er svo þröng að þeim, sem stofna húsnæðissparnaðarreikninga vegna öflunar húsnæðis, er mismunað allt eftir því hvernig eignaraðild eða eignarhaldi húsnæðis er háttað þó að ákvæði laganna séu að öðru leyti uppfyllt.

Megintilgangur laganna hlýtur að vera að hvetja til sparnaðar vegna öflunar húsnæðis. Verður að telja að það sé ekki í samræmi við vilja Alþingis eða anda laganna ef útiloka á stóra hópa frá þeim rétti sem löggin um húsnæðissparnaðarreikninga veita, jafnvel þó að eignarhald eða ráðstöfunarréttur á húsnæði sé á einhvern hátt takmarkaður eins og oftast er um félagslegar íbúðarbyggingar.

Á þetta hefur þegar reynt því að fyrir liggur að fjármálaráðuneytið hefur synjað félagsmönnum í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta um þann rétt sem löggin um húsnæðissparnaðarreikninga veita þó að ekki verði annað séð en að félagsmenn í Búseta uppfylli ákvæði laganna.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af allan vafa í þessu efni og tryggja að sparnaður vegna öflunar húsnæðis, hvort sem er hjá húsnæðissamvinnufélögum eða öðrum félagslegum íbúðarbyggingum, veiti sama rétt samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga og önnur kaup á húsnæði til eigin nota.